

Skipstjóra og afgreiðslumanni er óheimilt að afhenda vörurnar, uns gjaldið er greitt.

Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum eða andvirði þeirra uns gjaldið er greitt.

#### 16. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki, og hafa þau forgangsrétt sem önnur opinber gjöld, sbr. 12. gr. hafnalaga. Auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu, og gengur það veð í tvö ár fyrir sammingsveðskuldum. Kröfur ná einnig til tryggingafjár skipa og varnings.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 22. janúar 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga nr. 195 15. júní 1973.

#### 1. gr.

Frestur sá, sem um ræðir í 15. gr. reglugerðar nr. 195/1973 um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga breytist þannig, að Kjaradómur hafi lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 15. apríl 1976.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ríkissáttasemjara heimilt, ef annar hvor aðili óskar þess, að leita satta milli aðila allt til 7. apríl 1976.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1976.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

## REGLUGERÐ

um bann við þorskveiðum með flotvörpu fyrir Suður- og Vesturlandi.

#### 1. gr.

Frá 10. febrúar til 1. júní 1976 eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í íslenskrri fiskveiðilandhelgi á svæði, sem að austan takmarkast af línu, sem dregin er í réttvísandi austur frá Stokksnesi og vestur um að línu dreginni í réttvísandi vestur frá Látrabjargi.

**2. gr.**

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni eða samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni svo og samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. janúar 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Jón B. Jónasson.*

**AUGLÝSING**

**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, er hér með ákveðið, að stöðvunarskylda skuli vera á Urðarbraut gagnvart Borgarholtsbraut, sbr. 4. mgr. 48. gr. sömu laga, en Borgarholtsbraut var gerð aðalbraut með auglýsingu dags. 16. janúar 1974.

Ákvæði auglýsingar þessarar öðlast þegar gildi.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 15. janúar 1976.*

e. u.

**Leó E. Löve.**

**REIKNINGUR**

**Verðlaunasjóðs dr. phil. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar Guðmundssonar  
arkitekts, 1. janúar til 31. desember 1973.**

**Eignir :**

1. Hálf t húsið Hagamelur 21, fasteignamat .....	kr.	1 803 000.00
2. Sparisjóðsinnstæða í Búnaðarbanka Íslands nr. 28028 og nr. 34320 pr. 31/12/1972 .....	kr.	527 920.46
3. Tekjur umfram gjöld 1973, lagðar í sparisjóðsbækur .....	—	37 954.11
		<hr/>
		565 874.57

**Kr. 2 368 874.57**